

Miðvikudaginn 28. maí 1947.

Nr. 125/1944. **Jón S. Arnfinnsson** (Hrl. Gunnar Möller)
gegn

Jóhanni Hannessyni (Hrl. Ólafur Þorgrímsson).

Setudómarar Einar Arnalds borgardómari, hrl. Sveinbjörn Jónsson og hrl. Theódór B. Línal í stað hrd. Árna Tryggvasonar, hrd. Jóns Ásbjörnssonar og hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Fébætur vegna líkamsáverka.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur með stefnu 16. okt. 1944 og að fengnu áfrýjunarleyfi 9. s. m. skotið til hæstaréttar ákvæði hins áfrýjaða dóms um skaðabætur. Krefst hann þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 5630.00 með 6% ársvöxtum frá 8. des. 1943 til greiðsludags. Svo krefst hann og úr hendi stefnda endurgjalds fyrir kostnað af því að koma kröfu sinni á framfæri í héraði og málskostnaðar fyrir hæstarétti, hvort tveggja eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar á því ákvæði héraðsdóms, sem áfrýjað er, og málskostnaðar af áfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Samkvæmt röntgenskoðun, er fram fór á áfrýjanda 14. okt. 1943, og vottorði Þórðar læknis Þórðarsonar 15. okt. s. á. hefur áfrýjandi hlotið beinbrot á efra kjálka vinstra megin auk þeirra áverka, sem í héraðsdómi greinir. Þykir stefnda bera að bæta áfrýjanda tjón hans vegna áverka þessara, en við ákvörðun bóta ber að lita á það, að báðir aðiljar virðast hafa átt sök á erjum þeim, er leiddu til þess, að stefndi veitti áfrýjanda höggið. Samkvæmt því þykja bætur til áfrýjanda úr hendi stefnda hæfilega ákveðnar kr. 1400.00 með vöxtum, eins og krafizt er.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber stefnda að greiða áfrýjanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 1000.00.

Í vörn þeirri, er af hálfu stefnda kom fram í héraði og rituð var af verjanda hans, Þorvaldi Þórarinssyni lögfræð-

ingi, eru ýmis óviðurkvæmleg ummæli og ósannaðar aðdróttanir um áfrýjanda. Verður að víta þetta.

Dómsorð:

Stefndi, Jóhann Hannesson, greiði áfrýjanda, Jóni S. Arnfinnssyni, kr. 1400.00 með 6% ársvöxtum frá 8. des. 1943 til greiðsludags og málskostnað, kr. 1000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 10. maí 1944.

Ár 1944, miðvikudaginn 10. maí, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu sakadómara af sakadómara Jónatan Hallvarðssyni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 1019/1944: Réttvisin gegn Jóhanni Hannessyni.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 4. f. m., er af réttvisinnar hálfu höfðað gegn Jóhanni Hannessyni brunáverði, til heimilis á Baldursgötu 4 hér í bæ, fyrir brot gegn XXIII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 30. október 1916 í Reykjavík, og hefur, svo kunnugt sé, sætt þessum kærum og refsingum:

- 1933 $1\frac{3}{2}$ Dómur aukaréttar, 30 daga fangelsi við venjulegt fanga-
viðurværi, skilorðsbundið, fyrir innbrotspjófnað.
- 1937 $1\frac{7}{8}$ Dómur aukaréttar, 4 mánaða fangelsi við venjulegt fanga-
viðurværi fyrir þjófnað.
- 1938 $\frac{2}{8}$ Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1939 $1\frac{4}{5}$ Sátt, 70 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.
- 1940 $2\frac{6}{5}$ Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1941 $1\frac{4}{4}$ Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1941 $\frac{8}{7}$ Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

Með kæru, dags. 5. október fyrra ár, kærði Jón Sigurvin Arnfinnsson garðyrkjumaður, til heimilis á Baldursgötu 4 hér í bæ, ákærða í máli þessu fyrir líkamsárás á sig, en ákærði hafði þá íbúð á leigu í húsi Jóns Sigurvins, nr. 4 við Baldursgötu.

Jón Sigurvin skýrir svo frá málavöxtum, að milli kl. 15 og 16 2. október s. l. hafi hann heyrt, er hann kom inn í hús sitt á Baldursgötu 4, að Hulda Þuríður Guðmundsdóttir, kona ákærða, og Guðborg Laufey Sigurgeirsdóttir, sem heima á í sama húsi, hafi verið að uppnefna og svivirða konu hans, Guðbjörgu Kristinsdóttur. Hafi Guðbjörg verið inni í eldhúsi á neðri hæð, en Hulda Þuríður og Guðborg Laufey í stiganum upp á loftið. Jón Sigurvin kveðst hafa

snúið sér að hinum tveim siðarnefndu og beðið þær að fara inn í herbergi sín, og hafi þær þá farið upp í efri hluta stigans. Hann neitar því eindregið að hafa hreyft nokkuð við þeim. Í þessu hafi ákærði komið fram úr íbúð sinni á nærklæðum og skipað þeim að fara, hvorri inn í sitt herbergi, og hafi þær hlýtt því. Síðan hafi ákærði vikið sér að honum, er hann var staddur á palli í miðjum stiganum, og gripið hattinn af höfði hans og kastað hattinum í gólfið. Jón Sigurvin kveðst hafa seilst eftir hattinum, en um leið og hann hafi dregið hattinn að sér, hafi ákærði beygt sig yfir hann fram yfir handriðið. Jón Sigurvin kveðst hafa búizt við því, að ákærði ætlaði að slá hann, og hafi hann þá gripið með hægri hendi í skyrtubrjóst hans, en hann hafi þá ekki vitað fyrr til en ákærði sló hann með hægri hendi mikið högg á vinstri kinn. Kveðst Jón Sigurvin hafa lagzt upp að þilinu, og blóð fossað niður andlit hans. Síðan kveðst hann hafa færið rakleitt inn í eldhús íbúðar sinnar, og hafi ákærði elt hann niður stigann. Kona ákærða hafi nú komið fram og kallað til ákærða: „Gættu þín Jóhann.“

Ákærði skýrir svo frá, að hann hafi í umrætt skipti verið staddur í svefnherbergi sínu, er hann heyrði háreistið frammi á ganginum að íbúð sinni. Heyrði hann, að Guðbjörg Kristinsdóttir var að tala við konu hans, Huldu Þuriði Guðmundsdóttur, og Guðborgu Laufeyju Sigurgeirsdóttur. Kveðst ákærði hafa farið fram í ganginn, er hann heyrði, að Jón Sigurvin Arnfinnsson hljóp upp á stigapallinn tilheyrandi hans íbúð. Sá ákærði þá Jón Sigurvin slá í handlegg Huldu Þuriðar og hrinda henni til. Sneri hann sér þá að Jóni Sigurvin og bað hann um að færa niður stigann, en hann neitaði því. Jón Sigurvin þreif þá í brjóst hans, svo að náttjakki hans rifnaði. Þá kveðst ákærði ekki hafa getað staðizt þetta lengur og slegið til hans. Hafi höggið lent í andliti hans. Jón Sigurvin hafi þá farið niður úr stiganum. Ákærði neitar því að hafa tekið hattinn af Jóni Sigurvin, en vera megi, að hatturinn hafi dottið af honum. Þá kveðst ákærði aldrei hafa orðið var við, að Jón Sigurvin beygði sig eftir hattinum, og neitar ákærði því að hafa beygt sig yfir Jón Sigurvin og gert sig líklegan til að slá hann, fyrr en hann sló hann í andlitið.

Guðbjörg Kristinsdóttir, kona Jóns Sigurvins Arnfinnssonar, Hulda Þuriður Guðmundsdóttir, kona ákærða, og Guðborg Laufey Sigurgeirsdóttir hafa allar borið vitni í málinu.

Vitnið Guðbjörg Kristinsdóttir kveðst hafa verið statt í íbúð sinni, er það heyrði Huldu Þuriði og Guðborgu Laufeyju, sem voru í stiganum, tala illa um það. Hafi vitnið látið orð falla til þeirra út af þessu. Í þessu hafi Jón Sigurvin komið inn í húsið og skipað Huldu Þuriði og Guðborgu Laufeyju að fara upp á loft. Hafi hann elt þær upp í miðjan stiga og rétt fram hendurnar til áherzlu því, að þær færu upp. Vitnið segir, að hann hafi ekki slegið þær eða

hrint þeim, og hafi hann ekki komið við þær. Ákærði hafi nú komið í náttfötum ofan af loftinu og farið niður í miðjan stigann. Skipti það ekki neinum togum, að þeim Jóni Sugurvin og ákærða lenti saman. Greip Jón Sigurvin um brjóst ákærða, svo að náttreyja hans rifnaði, en ákærði reiddi hnefann til höggs. Vitnið hljóp nú að símanum og hringdi á lögreglustöðina. Jón Sigurvin kallaði þá til vitnisins, að ákærði hefði slegið hann, en Hulda Þuriður kallaði til ákærða: „Gættu þín Jóhann.“

Vitnið Guðborg Laufey Sigurgeirsdóttir kveðst hafa verið í umrætt skipti að þvo stigann og hafi Hulda Þuriður staðið hjá því. Guðbjörg Kristinsdóttir hafi þá komið til þeirra. Hafi hún byrjað að svívirða þær, en þær spurt hana þá, við hvora hún ætti. Í því hafi Jón Sigurvin komið inn í ganginn utan frá og skipað vitninu og Huldu Þuriði að fara upp á loft. Segir vitnið, að hann hafi elt þær á leið upp stigann og slegið Huldu Þuriði, sem hafi verið nær honum, í kviðinn með hendinni. Ákærði hafi nú komið fram úr herbergi sínu og gengið niður stigann á móts við Jón Sigurvin, sem þrifið hafi í brjóst hans, svo náttjakki hans rifnaði. Kærði hafi þá slegið Jón Sigurvin í andlitið og hafi Jón Sigurvin þá farið niður stigann. Vitnið kveðst ekki hafa tekið eftir því, að ákærði gerði nokkuð á hluta Jóns Sigurvins, áður en hann þreif í brjóst ákærða. Þá varð vitnið þess ekki vart, að Jón Sigurvin beygði sig, eða að hann missti hattinn af höfði sínu.

Vitnið Hulda Þuriður Guðmundsdóttir kveðst í umrætt skipti hafa verið að tala við Guðborgu Laufeyju, en Guðbjörg Kristinsdóttir hafi komið til þeirra og byrjað að svívirða þær. Hafi það þá gengið til Guðbjargar og spurt hana að því, hvort hún ætti við það. Vitnið kveðst síðan ekki hafa vitað fyrr en að Jón Sigurvin hafi komið að því, hrint því til og slegið með hendinni í maga þess vinstra megin. Hafi það kennt til undan högginu, enda hafi það átt eftir aðeins einn mánuð og 11 daga til að fæða barn. Vitnið kveðst hafa staðið á palli í miðjum stiganum, er Jón Sigurvin sló það. Kærði hafi nú komið fram á náttfötum og ætlað að fá Jón Sigurvin til að fara niður stigann og stjakað eilítið við honum. Jón Sigurvin hafi þá þrifið í ákærða og rifið náttjakka hans. Ákærði hafi þá greitt honum högg, sem kom í andlit hans, og hafi hann þá hrokkið niður stigan og farið inn í íbúð sína. Telur vitnið, að ákærði hafi átt hendur sínar að verja, er hann sló Jón Sigurvin. Vitnið neitar því, að hafa sagt orðin „Gættu þín, Jóhann“, eða eitthvað því líkt, er ákærði hafði slegið hann.

Daginn eftir að framangreind atvik gerðust, skoðaði Kjartan R. Guðmundsson læknir Jón Sigurvin og segir í vottorði hans um þá skoðun á þessa leið: „Það er 1 cm langt höggsár á v. kinn neðan við auga og storkið blóð í kring. Sárið er klemmt saman.“

Næsta dag skoðaði Kristján Sveinsson læknir Jón Sigurvin og

segir svo í vottorði hans: „Hefur hann blæðingu undir húðinni á efra og neðra v. augnloki (hæmatóm). Einnig hefur blætt inn á augað utanvert á litlum bletti. Sjón á hægri er $\frac{6}{8}$ og v. auga $\frac{4}{8}$, sem sennilega stendur í sambandi við högg á augað (odem í reticia). Hvort síðar meir að nokkur varanleg skemmd gæti komið fram í augunum, skal hér ósagt látið.“

Þá hefur verið lagt fram í málinu vottorð Þórðar Þórðarsonar lækni, dags. 7. des. s. l., svo hljóðandi: „Ég undirritaður hef í dag skoðað herra Jón Arnfinnsson, Baldursg. 4; hefur örþykkni í húð — ca. $\frac{1}{2}$ cm á lengd og 3—4 mm á breidd — yfir vinstra kinnbeini.“

Samkvæmt eigin játningu ákærða og framburðum þeirra vitna, sem leidd hafa verið í málinu, þykir ákærði hafa orðið sekur um háttsemi, sem með tilliti til áverka þess, er þar af hlaut, varðar við 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. En jafnframt þykir verða að leggja frásögn ákærða og vitnanna Guðborgar Laufeyjar Sigurgeirsdóttur og Huldu Þuríðar Guðmundsdóttur til grundvallar um, hvað skeði, áður en ákærði sló Jón Sigurvin. Hafði því Jón Sigurvin með því að móðga og ráðast að konu ákærða vakið hjá ákærða geðæsingu þá, er hann var í, er hann sló hann. Refsingu ákærða ber því að meta með hliðsjón af 4. tl. 74. gr. hegningarlaga. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 300 króna sekt til ríkissjóðs, en verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, sæti hann í stað hennar varðhaldi í 15 daga.

Jón Sigurvin Arnfinnsson hefur krafizt þess, að ákærði verði í máli þessu dæmdur til að greiða sér í skaðabætur kr. 30.00 fyrir útlögð gjöld (læknisskoðun), kr. 600.00 fyrir vinnutap í 6 daga og kr. 5000.00 fyrir þjáningar, óþægindi, lýti og óþryði, eða alls kr. 5630.00. Ákærði hefur mótmælt kröfum þessum.

Jón Sigurvin hefur lagt fram reikninga fyrir fyrsta kröfuliðnum, sem verður tekinn til greina. Hins vegar þykir hann ekki hafa nægilega rökstutt hina kröfuliðina, og verða þeir því ekki teknir til greina óbreyttir, en hæfilegt þykir að dæma honum 400 krónur fyrir annað tjón en bein útgjöld vegna læknisskoðunar. Samkvæmt þessu verður ákærði dæmdur til að greiða Jóni Sigurvin kr. 430.00 í skaðabætur.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Þorvalds Þórarinssonar lögfræðings, kr. 200.00.

Málið hefur verið rekið vitalaust.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Jóhann Hannesson, greiði 300 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 15 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Hann greiði Jóni Sigurvin Arnfinnssyni kr. 430.00 innan 15 sólarhringa frá birtingu dóms þessa.

Hann greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda sins, Þorvalds Þórarinssonar lögfræðings, kr. 200.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 30. maí 1947.

Nr. 168/1946. Réttvísinn og valdstjórnin

(Hrl. Hermann Jónasson)

gegn

Stefáni Magnússyni (Hrl. Gunnar Möller).

Setudómarar Einar Arnalds borgardómari og
Valdimar Stefánsson sakadómari í stað hrd.
Árna Tryggvasonar og hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Brot gegn umferðarlögum og bifreiðalögum. Sýknað af ákæru um brot gegn 219. gr. laga nr. 19/1940.

Dómur hæstaréttar.

Júlíus Havsteen, sýslumaður í Þingeyjarsýslu, hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Slys það, sem ákærða er að sök gefið, varð á mjög mjóum vegi, þar sem ökutæki gat tæplega farið fram hjá öðru ökutæki. Myrkt var af nóttu og vegir blautir. Mátti ákærða því ljóst vera, að honum var rík nauðsyn til þess að viðhafa hina mestu varúð. Þetta gerði hann ekki, heldur ók með það miklum hraða, að honum tókst ekki að stöðva bifreið sína, er hann sá vegfarendur fram undan, fyrr en slys var orðið. Varðar þetta háttarni ákærða við 2. og 4. gr. umferðarlaga nr. 24/1941 og við 1., 4. og 5. mgr. 26. gr. og 1. mgr. 27. gr. laga nr. 23/1941.

Fyrir hæstarétt hefur verið lagt fram vottorð setts héraðslæknis, sem stundaði Snorra Jónsson, er fyrir slysinu varð. Kveður læknirinn, að miklir marblettir hafi komið fram um hægri fótlegg og allt innanvert hæggra læri. Hafi fóturinn verið mjög aumur viðkomu um hné og upp eftir læri. Snorri hafi byrjað að hreyfa fótinn eftir rúma viku